

Sumarfrísterterrorismi?



Jæja, þá er Veidileyfa-Áróður kominn í þínar hendur. Þetta er þykka blaðið sem kemur alltaf út á þessum tíma og þýðir að innihaldið krefst meiri yfirlegu. Og þyngdin maður lifandi, nánast Hlíðarvatnspund! En stóra spurningin er „Hvað viltu gera í sumar kæri félagsmaður?“

Ég spurði mig að því sama síðasta vetur og jú, pantaði minn dag í Hlíðarvatni, tók að mér svolitla veiðileiðsögn og ætlaði sko aldeilis að nýta hina dagana í veiði, kanna nýja staði og sérstaklega einbeita mér að bumbubátaveiði sem er mjög góð tilbreyting frá hinu hefðbundna. Hét því að safna forða til vetrar í nýja frystiskápinn, fjölga bleikjubollunum og nýta reykgjafabréfið sem vannst á Vorblótinu okkar.

„Elskan, ég keypti ferð fyrir okkur til Spánar. Í 3 vikur, ertu ekki glaður?“ Jú, veiii...ðin óný! Og á besta veiðitíma. Reyndar er besti veiðitíminn frá apríl til sept, bara mismunandi áherslur í flugnavali. Það dimmdi aðeins yfir í nokkra daga en hey, bíddu. Mitt fylgdarlið er mjög svo morgunsvæft en það vandamál er ekkert sérstaklega að hrjá mig og ekki get ég bara setið og beðið eftir aksjóni, ég verð að búa það til. Eftir smá pælingar og flandur (eða segir maður flandr) á veraldarvefnum þá er bara alveg hægt að veiða á spænskri sólarströnd í 35 stiga hita. Fyrir utan marglyttur og allskonar sili þá er til staðar álitlegur, sprettharður og skemmtilegur fiskur sem er grænmetisæta og heitir Mullett en ég veit ekki hvort að fiskinafnaneftnd hafi nokkurn tímann þurft að kljást við þýðingu.

Skotheldu plani var stillt upp, farið yrði flestalla morgna í sólarupprás og komið í hús eftir ánægjulegar samverustundir á ströndinni með veiðigyðjunni. Þegar út var komið voru nokkur álitleg svæði skoðuð og eitt valið en þar var einmitt veiðimaður sem veiddi á braud og pungsókkum á milli tveggja eldri kvenna böðuðu sig í heitum sjónum. Þarna ætlaði ég að vera næstu morgna með fluguna, því Árnaður veiðir víst aðeins á slíkt og biðu nokkrar splunkunýjar í boxinu. Það stefndi í mok.

Morguninn rann upp, ég mættur á ströndina á réttum tíma en, andskotans rok og öldugangur var þetta. Gekk niður að strönd með

stöngina, ekki sála þar nema einn útigangshundur. Labbaði einhverja kílómetra með ströndinni og skimaði eftir fisk en sá ekki neitt. Fór heim en var bara furðu endurnærður á sál og líkama og sáttur við fyrstu veiðiferðina mína þarna.

Fór aftur seinna en það sama henti, havsst, mikið grugg og sá engan fisk. En jafn sáttur. Ákvað þó að láta þar við sitja og leggja stöngina á hilluna það sem eftir var ferðar.

Annað áhugamál hjá mér er að þína mig svoldið með því að fara út að skokka. Síðasta morguninn ákvað ég að leggja inn fyrir nokkrum harðsperrum þannig að ég fór í hálfgerð langhlaup. Ég mundi eftir lítilli bryggju við enda bæjarins og hélt þangað. Þegar þangað var komið var ég nær dauða en lífi, hitinn að nálgast 30° og útihlaup löngu hætt að vera skemmtun. En hvað sé, svona rétt 15 metra frá mér er torfa með um 10, 3-5 kílóa mullettum og fljótlega birtist önnur. Ég var búinn að pakka veiðidótinu og engin leið að komast í það þannig að ég ákvað bara að halla mér fram á bryggjuhandriðið og fylgjast með þeim og ná andanum. Þarna var ákveðið strax að næst þegar farið yrði til Spánar þá yrði flugustöngin aftur tekin með. Ég var allavega enn með hugann við tilvonandi veiðar þegar ég skreið inn úr hitanum með sólheimaglottið, fálmandi eftir einum köldum.

Svona geta vonir eða væntingar um aflabrögð klikkað. En að vera á staðnum, bleyta í - þó ekki nema aðeins og bara njóta náttúrunnar, hvort sem á Spáni eða í Selvogi, það bara gefur manni svo mikið.

Nú eru í boði ný svæði í sumar, Ytri-Rangá og Galtalækur eru þekkt fyrir fiska í stærri kantinum og holl í Vatnsdalsá. Urriðasvæðið í Fossá er einnig í boði ásamt sjóbirtingsveiði í Grímsá og Húseyjarkvísl, lax í Fossá og Laugardalsá. Og Hlíðarvatn auðvitað en við hvetjum félaga til að ná í fisk þar næsta sumar og prófa eitt-hvað af matreiðsluáferðum kokkanna okkar með þetta úrvalshráefni sem bleikjan okkar er.

*Gleðileg jól félagar.
Árnaður #744*

Veitt í þrumuveðri - smá öryggistilsögn -



Allir geta lent í því í veiðiferðum að þrumuveður með eldingum skelli á. Ekki þarf að tíunda hættuna sem fylgir því að verða fyrir eldingu. Reyndar eru til dæmi um að menn lifi það af, en miklu líklegra er þó að það geri snöggan og varanlegan enda á veiðiferli manns.

Oftast ganga þrumuveður hratt yfir og ef leitað er vars meðan ósköpin ganga yfir þurfa þau ekki að spilla veiðiferð, þ.e.a.s. ef gætt er viðeigandi öryggis.

Ég ætla að nefna hér nokkur atriði sem veiðimenn ættu að hafa í huga ef þeir lenda í þrumuveðri.

Grafit sem er algengasta efni í flugustöngum í dag er mjög góður rafleiðari. Veiðistöng sem beint er upp á við getur hreinlega dregið að sér eldingar, líkt og eldingavari. Helsti munurinn á eldingavara og veiðistöng er sá að eldingavari er tengdur með keðju eða gildum rafstreng við jarðsamband sem tekur við rafstraumnum frá eldingunni og skilar honum í jörð - öllu og öllum að skaðlausu. Engu máli skiptir þótt korkhandfang sé á veiðistöng eða veiðimaður sé í gúmmivöðlum, elding sem slær niður í veiðistöng í hendi veiðimanns skýst gegn um það allt og finnur sér leið til jarðar gegn um líkama hans.

Eldingum slær oftast niður í hæstu punkta á svæðinu. Veiðimaður sem stendur úti í vatni er augljóst skotmark. Þess vegna eru atriði númer eitt og tvö að forða sér í land sem fyrst og halda stönginni niður á við meðan leitað er skjóls.

Hvar er þá helst hægt að finna öruggt skjól? Aðstæður eru að sjálfstöngu mismunandi. Veiðihús og hellisskútar geta verið ágæt, og ef ekkert slíkt er í boði er skárri að híma liggjandi undir klettum en á bersvæði. Best af öllu er þó veiðibíllinn, sem oft er skammt undan. Sé þess nokkur kostur mæli ég með því að flýja inn í bílinn, loka hurðum og láta sér líða vel þar meðan ósköpin ganga yfir. Málmurinn í bílnum myndar öflugt hlífðarbúr fyrir allt sem er inni í honum. Þótt eldingu myndi slá niður í bíltoppinn þá fer rafstraumurinn eftir málmhlutum bílsins og endar í jörðin fyrir neðan hann án þess að skaða þá sem inni sitja. Skiljið veiðistöngunna eftir liggjandi á jörðinni fyrir utan bílinn.

Meðan dvalið er í bílnum er upplagt að fá sér næringu eða segja veiðifélögunum skemmtisögur. Ef um allt þrýtur má stytta sér stundir við að mæla fjarlægð til eldinganna með því að taka tímann frá því að blossinn sést þar til skruggan heyrir. Hljóðið berst u.þ.b. 330 metra á hverri sekúndu en ljósið svo hratt að ekki skiptir máli (ca. milljónfalt hraðar). Þannig er einfalt að reikna fjarlægðina. Ein sekúnda samsvarar 330 metra fjarlægð, 2 sekúndur 660 metrum o.s.frv.

Góða skemmtun, og umfram allt farið ykkur ekki að voða í umgengni við náttúruöflin.

Ágúst Ú. Árnaður nr. 2

Scott
margverðlaunaðar flugustangir

SÖLUSTADIR:
Krafla
Veiðihornið, Veiðflugur
og Veiðiportið í Reykjavík,
Flugukofinn í Keflavík og
Veiðvörur.is á Akureyri

Hertur silungur



Lenti í því í vor að henda fiski frá árinu áður. Þrátt fyrir að hafa gengið vel frá aflanum þá var komið bragð sem ég gat ekki lengur sannfært fjölskylduna um að væri eðlilegt. Þar sem ég stóð við ruslatunnuna hitti ég nágranna minn – Sæmund Bjarnason, Árnaður nr. 757 – með annars konar poka en í honum var hert bleikja. Ég hef fengið að njóta góðs af þessum bleikju-hardfisk áður og var frekar skömmustulegur þarna þar sem ég var að henda hráefni sem hefði svo auðveldlega geta orðið það góðgæti sem hann bauð mér. Fékk hann til að deila með mér vinnsluáðferðinni sem ég deili núna með ykkur:

Gott er að ákveða strax í upphafi veiðitímans að herða bleikju um haustið. Þá hirðir maður alla smábleikju sem er komin í flökunarstærð, sérstaklega í vötnum sem veitir ekkert af grisjun. Ekki er gott að herða fisk sem er yfir eitt og hálf pund.

Bleikjan er flökuð, hreinsuð og fryst. Valkvætt hvort flökin eru beinhreinsuð. Frostið nær að drepa (flest) snikjudyf. Best er að herða að hausti eða vetri til að vera laus við flugur.

Byrja á að afþýða flökin. Stærstu flökin er gott að þverskera í kjötið með 1 til 1,5 sm. millibili til að flýta fyrir þurrkun og koma í veg fyrir úldnun. Þegar flökin eru þiðnuð er léttu lagi af borðsalti stráð yfir og síðan hengd upp til herslu. Best að hengja upp í úti-geymslu eða bílskúr þar sem loftar sæmilega og þá jafnvel að hafa

ofn til að halda hitanum milli 20-25 stig. Að sjálfsögðu fylgjast með að fluga komist ekki í fiskinn. Byrja að meta stöðuna eftir 3 daga. Fylgjast með daglega en flökin þurfa 3-5 daga þurrkun eftir stærð og hita.

Tekið niður áður en fiskurinn þornar alveg því þá er betra að roðfletta. Fiskurinn er skorinn roðflettur og rifinn í hæfilega bita og settur í mátulega stóra nestispoka. Pokarnir hengdir upp í 1-2 dag áður en þeir eru lokaðir og settir í frost.

Fjöldi bita í nestispoka ræðst sennilega á hvort maður kaupir bjórninn í litlum eða stórum bauk en þetta er líka snilldarnesti til að hafa með í veiðiferðir og á þorablót. Eini gallinn við þennan hardfisk er etv ásókn nágrannans í hann...

Gestur Traustason # 771



JOAKIM'S
MEÐ NÁNAST ALLT Í FLUGUVEIÐINA
STANGIR, HJÓL OG LÍNUR
KRÓKAR OG KÚLUR Í SILUNGAFLUGUR. KEILUR OG FLASHABOU.
FLUGU BOX, HÁFAR OG ÖNDUNARVÖÐLUR
ALLTAF GOTT VERÐ
WWW.JOAKIMS.IS | SÍMI 698-4451

Veidileyfi Ármanna 2016

Í þessu blaði er fram borið það úrval veiðileyfa sem Ármenn bjóða sumarið 2016. Að sjálfsögðu verður reynt að uppfylla allra óskir en óhjákvæmilega kemur fyrir að fleiri en einn félagsmaður vilji fá sama daginn. Þetta á einkum við fyrri hluta sumars í Hlíðarvatni, maí og júní, og fram í miðjan júlí, þegar allt að sex umsóknir berast um sömu helgina.

Til að auðvelda úthlutunarstörfin og vinna þau á sanngjarnan hátt var kerfið með ABCD-bókstafsmerkingu umsókna innleitt. Samkvæmt því fær félagsmaður sem sækir um tiltekinn veiðidag í A-reit á umsóknarblaði sínu meiri rétt til úthlutunar en sá sem sækir um sama dag í B-reit o.s.frv.

Sterkast er að senda inn hópumsókn. Þá sækja tveir eða fleiri um sama daginn, merkja við að um hópumsókn sé að ræða og vísa hver í annan. En hópumsóknir hafa mismunandi forgang og því þarf að setja nánari reglur þegar úthlutað er þeim dögum sem mest er sóst eftir.

Forgangur umsókna er metinn með því að gefa hverri umsókn stig. Þegar þrjár stangir eru seldar saman, líkt og í Hlíðarvatni, eru aðeins taldar þrjár umsóknir. Umsóknin verður ekki sterkari við að senda inn fleiri umsóknir en sem nemur þeim fjölda stanga sem sótt er um. Hins vegar getur einn umsækjandi sótt um fleiri en eina stöng.

Almennar reglur um forgang

- A-umsókn: 5 stig
- B-umsókn: 3 stig
- C-umsókn: 2 stig
- D H - umsókn: 1 stig
- Hópumsókn: 1 stig til viðbótar

Samkvæmt þessari reglu verður umsóknum raðað í forgangs röð í fyrsta lagi eftir stigum og í öðru lagi þannig að á jöfnum stigum nýtur umsókn með bókstaf framari í stafrófi forgangs:

- 16 stig AAA
- 14 stig AAB
- 13 stig AAC,
- 12 stig AAD, ABB
- 11 stig AA, ABC
- 10 stig ABD, ACC; BBB;
- 9 stig ACD, AB; BBC;
- 8 stig ADD, AC; BBD, BCC;
- 7 stig AD; BB, BCD; CCC;
- 6 stig BDD, BC; CCD
- 5 stig A; BD; CDD; CC
- 4 stig CD; DDD;
- 3 stig B; DD;

VARÐANDI HLÍÐARVATN

ÞEIR ÁRMENN SEM SENDA INN HÓPUMSÓKN UM DAG Í HLÍÐARVATNI VERÐA AÐ SENDA INN AÐSKYLDAR UM-SÓKNIR MEÐ VÍSUN Í NÚMER VEIÐIFÉLAGA SINNA, ANN-ARS TELST HÚN EKKI HÓPUMSÓKN!

VARÐANDI VATNSDALSÁ

HVER ÁRMAÐUR GETUR EINGÖNGU SÓTT UM EINA STÖNG Í VATNSDALSÁ. EF TVEIR SÆKJA SAMAN UM STÖNG VERÐA ÞEIR AÐ SENDA INN AÐSKYLDAR UM-SÓKNIR MEÐ VÍSUN Í NÚMER VEIÐIFÉLAGANS.

Vinsamlegast kynnið ykkur úthlutunarreglurnar vel og vand-
ið umsóknir ykkar sem best. Tilgreinið daga til vara ef unnt er.
Það auðveldar starf úthlutunarnefndar að koma til móts við óskir

allra á sanngjarnan hátt. Stjórnin verður í Árósum á auglýstum skiladögum og leiðbeinir um útfyllingu umsókna.

Veidivæði Ármanna 2016

Skilalok veiðileyfaumsókna er föstudagurinn 15. janúar 2016.

Þau holl og dagar sem ekki seljast í úthlutun munu verða sett í sölu á leyfi.is eða þá að leigutakar leysa þau til sín.

Ármenn veiða eingöngu á flugu á þeim veiðisvæðum sem félagið selur veiðileyfi á. Þetta á einnig við um þau svæði sem eru í um-
boðssölu burtséð frá öðru leyfðu agni á viðkomandi svæði.

Þar sem sums staðar er vísað í Áróð undanfarinna ára, er af gefnu tilefni bent á, að hann er aðgengilegur á heimasíðu Ármanna www.armenn.is frá árinu 2001.

Yfirlit um svæði

1. Hlíðarvatn í Selvogi –bleikja
2. Vötnin sunnan Tungnaár –bleikja og urriði
3. Grímsá - sjóbirtingssvæði
4. Laugardalsá - laxveiði
5. Fossá - silungasvæði
6. Fossá - laxasvæði
7. Húseyjarkvísl í Skagafirði –silungasvæði
8. Vatnsdalsá – silungasvæði
9. Ytri Rangá – silungasvæði
10. Galtalækur

1. Hlíðarvatn í Selvogi

Staðsetning: Í Selvogi, milli Krýsuvíkur og Þorlákshafnar. Vega-
lengd frá Elliðaárbrúm er rúmlega 60 km um Þrengsli en 55 km
um Krýsuvík.

Veidivæði: Allt vatnið, en hólarnir við Stakkavík, vestanvert í
vatninu eru friðaðir á varptíma fugla. Marshefti Áróðs 2009 var
sérstaklega helgað vatninu og á heimasíðu Árvíkur (www.arvik.is)
undir Veiðistaðalýsingar, má finna mikinn fróðleik.

Stangafjöldi: Veitt er á þrjár stangir og eru þær seldar saman, einn
dag í senn.

Veidítímabil: 2. maí – 30. september.

ATH. að sunnudagur 19. júní er frátekinn fyrir Hlíðarvatnsdaginn!

Veidítími: Veiðimenn mega hefja veiðar kl. 18:00 kvöldið fyrir
skráðan veiðidag og ljúka þeim sólarhring síðar eða kl. 18:00
skráðan veiðidag. Að öðru leyti er veiðitími frjáls. Verutíminn í
Hlíðarseli er sá sami.

Leyfilegt agn: Fluga. Nefna má Peacock, Krók, Alexöndru, Alder,
Butcher, Kardínála og Flæðarlús.

Veidihús: Hlíðarsel stendur undir hlíðinni vestanverðri, upp af
Botnavík. Þar er snyrting, tvö herbergi með tveimur kojum hvort,
svefnloft, eldhúsbekkur með gashelli, borðbúnaði og áhöldum,
forstofa og úti-gasgrill. Taka þarf með sér rúmfatnað/svefnpoka,
borðtuskur og viskastykki. Lyklar að húsi hanga við dyrnar. Veiði-
menn kvitti fyrir veru sína við vatnið í gestabók.

Reglur: Húsinu skal skila hreinu til næstu veiðimanna eigi síðar en
kl. 18:00 á skráðum veiðidegi og taka með sér allt rusl. Athugið að
lausaganga hunda við vatnið er stranglega bönnuð og séu hundar
hafðir í húsinu mega þeir einungis dvelja í forstofurými. Bannað
er að vera með báta á vatninu, en bumbubátar eru leyfðir með því
skilyrði að ekki sé veitt á þeim innan við 50 metra frá veiðimönn-
um sem veiða frá landi. Bumbubátar eru bannaðir í Botnavík.

Veidikort: Liggur frammi í veiðihúsi og á [http://www.armenn.is/
skjol/Almenn/hlidarvatn.jpg](http://www.armenn.is/skjol/Almenn/hlidarvatn.jpg).

Veidibók: Liggur frammi í veiðihúsi og er mikilvægt er að skrá all-
an afla. Menn eru vinsamlegast beðnir að skrá þar nöfn sín, en ekki
einungis félagsnúmer.

Veidiúmsjón: Hlíðarvatnsnefnd, símanúmer hanga á vegg í veiði-
húsinu.

Tími	Dagar	Stangir	Verð/stöng/dag
maí, júní	virkir	3	5000
maí, júní	helgir	3	6000
júlí, ágúst, september	virkir	3	2000
júlí, ágúst, september	helgir	3	4000

2. Vötnin sunnan Tungnaár

Staðsetning: Vatnaklasi á Landmannafrétti í um það bil 170 km fjarlægð frá Reykjavík, norðan og austan við Heklu.

Veidisvæðið: Fjölbreytileg vötn sem gefa bæði bleikju og urriða. Þekktust vatnanna eru trúlega Frostastaðavatn og Löðmundarvatn. Um vötnin og aflabrögð í þeim má lesa í viðtali við Örn Daniéls-son, sem birt er í desemberhefti Áróðs 2008 og grein eftir Olgeir Benediktsson í Nefsholti í maíhefti Áróðs 2009.

Veidítímabil: Veitt er frá því fært er í vötnin um miðjan júní og fram í september, eða meðan ferðalþjónustan er opin í Landmannahelli. Utan þess tíma er hægt að fá gistingu eftir því sem færð og veður leyfir.

Stangafjöldi: Ótakmarkaður.

Leyfilegt agn: Hér veiða Ármenn á flugu.

Veidihús: Í Landmannahelli eru skálar í nokkrum stærðum þar sem góð aðstaða er til gistingar í svefnpoka. Húsin eru með upp- hitun, rennandi vatni, eldunarstöðu, vatnssalerni og útigrilli. Einnig er við Landmannahelli svæði fyrir tjöld, fellihýsi og húsbíla. Á vefsíðunni info@landmannahelli.is eru allar upplýsingar um aðstöðuna. Pantanir og fyrirsurnir í síma 893-8407.

Reglur: Félagsskírteini Ármanna fyrir árið 2016 gildir sem veiði- leyfi í öll vötnin. Ármenn skulu framvísa félagsskírteini í Landmannahelli áður en veiðar eru hafnar og skila skýrslu um afla áður en farið er af svæðinu.

Umsjón: Skálaverðir í Landmannahelli. Upplýsingar um veiðis- væðið og aflatölur má sjá á slóðinni <http://www.veidivotn.is/>.

3. Grímsá, sjóbirtingsveiði

Staðsetning: Grímsá í Borgarfirði er landsþekkt laxveiðiá og rennur um Lundarreykjardal í Borgarfirði. Í ána gengur nokkur fjöldi sjóbirtinga og síðustu ár hefur verið ákveðið að nýta þau tækifæri sem bjóðast til haust- og vorveiða. Hér er um skemmtilegan kost að ræða í hæfilegri fjarlægð (70km) frá höfuðborginni.

Veidisvæðið: Frá og með Hörngshyl (við brúna á Þjóðvegi 50) niður að og með Árbakkaklökk.

Athugið að veiði er ekki leyfð á gríðarstað laxa á eftirfarandi veiðistöðum: Móbergshyl, Svartastokki, Húsbreiðu, Stórlaxaflöt og Lambaklettsfljóti.

Stangafjöldi: Veitt er á tvær stangir sem seldar eru stakar, einn dag í senn.

Veidítímabil: Maí og frá 25. september fram í okt.

Veidítími: Veitt er frá kl. 8:00 til 20:00.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veidihús: Ekkert veiðihús fylgir svæðinu en veiðimenn geta notfært sér aðstöðu í kjallara veiðihótelsins. Unnt er að semja um gistingu á góðu verði í veiðihúsi við Tunguá, innar í Lundarreykjardal.

Reglur: Öllum laxi skal sleppt en heimilt er að taka sjóbirting. Mælt er til að öllum fiski í vorveiði sé sleppt.

Veidikort: Kort af Grímsá má nálgast á slóðinni <http://www.hreggnasi.is/images/stories/grimsaA3.pdf>

Veidibók: Liggur frammi í kjallara veiðihótelsins, mikilvægt er að skrá allan afla.

Veidiumsjon: Jón Þór Júlíusson, gsm. 898 2230, net: jon@hreggnasi.is

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
1.-5. apríl	1	2	6900
5.-10. maí	1	2	4900
1.-4. október	1	2	15900

4. Laugardalsá, laxveiði.

Staðsetning: Laugardalsá er albesta laxveiðiá Vestfjarða. Vegalengd frá Reykjavík er um 360 km. 9 ára meðaltal hennar er 380 laxar, veiðin 2015 var 521 lax og töluverð urriðaveiði er á svæðinu líka. **Veidisvæðið:** Frá fjöru til fjalla og öll vötnin á milli. Stangafjöldi: Veitt er á 2-3 dagstangir, tvær stangir fyrri og seinni hluta sumars en þrjár stangir um miðbik sumars.

Veidítímabil: 15. júní til 15. september.

Veidítími: 7-13 og 16-22 (15-21 að hausti)

Leyfilegt agn: Fluga.

Veidihús: Rúmgott veiðihús fylgir veiðileyfunum. Í húsinu eru 3 herbergi, gistiþláss er fyrir 7 manns. Húsið var byggt 1971 og hefur staðist tímans tönn, skipt hefur verið um eldhús en frekari endurbóta á húsinu er að vænta.

Reglur: Öllum laxi yfir 70 cm skal sleppt í ána aftur, kvóti 1 lax á stöng á dag.

Veidikort: Nýtt veiðikort er í vinnslu og verður tilbúið síðar í vetur. **Veidibók:** Skrá skal allan afla í veiðibók í veiðihúsi.

Veidiumsjon: Guðmundur Atli Ásgeirsson Gsm. 8446900

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
30. júní - 3. júlí	3	3	47500
3. - 6. júlí	3	3	60000
16. - 18. september	2	2	35000

5. Fossá, silungasvæði.

Staðsetning: Við efsta hluta Þjórsár í Þjórsárdal, rúmlega klst. akstur frá Reykjavík.

Veidisvæðið: Öll áin ofan Hjalparfoss að Háafossi auk Rauðár, staðbundinn urriði og bleikja.

Stangafjöldi: Veitt er á 2 stangir, einn dag í senn.

Veidítímabil: 1. maí - 30. september

Veidítími: 7-13 og 16-22.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veidihús: Ekkert

Reglur: Öllum fiski skal sleppt.

Veidibók: Senda skal aflatölur á armenn@armenn.is

Veidiumsjon: Guðmundur Atli Ásgeirsson Gsm. 8446900

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
1. maí - 30. september	1	2	9500

6. Fossá, laxasvæði

Staðsetning: Við efsta hluta Þjórsár í Þjórsárdal, rúmlega klst. akstur frá Reykjavík.

Veidisvæðið: Áin neðan Hjalparfoss niður að ármótum við Þjórsá.

Stangafjöldi: Veitt er á 2 stangir, einn dag í senn.

Veidítímabil: Ágúst - September.

Veidítími: 7-13 og 16-22.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veidihús: Ekkert

Reglur: Öllum fiski skal sleppt.

Veidibók: Senda skal aflatölur á armenn@armenn.is

Veidiumsjon: Guðmundur Atli Ásgeirsson Gsm. 8446900

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
20. - 31. ágúst	1	2	33000
11. - 30. september	1	2	33000

7. Húseyjarkvísl í Skagafirði -Silungasvæði

Staðsetning: Húseyjarkvísl heitir svo í framhaldi af Svartá og öðrum ám af hálendinu vestan Skagafjarðar. Hún rennur undir Þjóðveg 1 rétt fyrir neðan Varmahlíð og fellur í vestari kvísl Héraðsvatna 19 km frá sjó.

Veidisvæði: Lítil kvísl úr Héraðsvötnum blandast við Húseyjarkvísl

fyrir neðan Geldingaholt (staður nr. 15) og er hún lituð þar fyrir neðan mestan hluta sumars. Aðgengi að ánni er gott og hægt er að keyra niður að flestum veiðistöðum.

Áin er fiskgeng að Reykjafossi en veiðisvæðið er 12 km langt. Silungasvæðið er frá Silungabakka (Silungabakki ekki með) og niður að ármótum Héraðsvatna og Húseyjarkvíslar. Árlega veiðast um 300-500 silungar.

Stangafjöldi: Veitt er á þrjár stangir og þær seldar saman.

Veiðitímabil: 1. apríl – 20. október.

Veiðitími: 12 klst. á sólarhring og ráða veiðimenn hvernig þeir hagræða þeim tíma.

Mæta má í veiðihúsið kl. 15:00 á skiptidegi og það yfirgefið eigi síðar en kl. 14:00 síðasta veiðidag.

Leyfilegt agn: Aðeins fluga. Vel gefast Nobblerar, Zonkerar, lappaflugur og alls kyns púpur, s.s. Pheasant tail, blóðormur og Mobuto og svo þurrflugur.

Veiðihús: Ef komið er að sunnan er beygt niður hjá Varmahlíð eins og verið sé að fara til Akureyrar og svo beygt strax aftur til hægri hjá Vélavali (blátt hús á hægri hönd). Þeim vegi er fylgt þar til beygja verður upp brekkuna til hægri eða niður til vinstri. Taka skal vinstribeygjuna og þá er maður kominn að húsinu, og áin blasir við fyrir neðan. Skilti er við húsið.

Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og svefnloft, sjónvarp, uppþvottavél og öll helstu þægindi. Heitur pottur og gasgrill eru á palli. Taka þarf með sér sængurföt og handklæði. Þrifa skal húsið eftir notkun.

Reglur: Slepja skal öllum urriða undir 45 cm en hirða má alla bleikju.

Veiðikort: Er í húsinu, en einnig má nálgast það á heimasíðu Ármanna.

Veiðibók: Liggur frammi í veiðihúsi og er mikilvægt að skrá þar allan afla.

Veðiúmsjón: Valgarður Ragnarsson, sími 770 6040 og Ragnar Gunnlaugsson, sími 894 0145.

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
1. - 4. júní	3	3	9000
4. - 7. júní	3	3	9000

8. Vatnsdalsá – silungasvæði

Staðsetning: Vatnsdalur Húnavatnssýslu Vegarlengd frá Reykjavík er um 230 km.

Veiðisvæðið: Sjá skiptingu á veiðikorti og í veiðihúsinu Steinkoti.

Stangafjöldi: 10

Veiðitímabil: 18. – 21. júlí.

Veiðitími: 7-13 og 16-22 eða 12 klst eftir samkomulagi við veiðivörð.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðihús: Steinkot.

Reglur: Sjá á veiðikorti og í Steinkoti.

Veiðikort: Á heimasíðu Ármanna www.armenn.is

Veiðibók: Í Steinkoti

Veðiúmsjón: Ellert Pálmasson Gsm:8497583

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
18.-21. júlí	3	10	19000

9. Ytri Rangá – silungasvæði

Staðsetning: Silungasvæðið í Ytri Rangá er um 30 km langt og er því töluverð áskorun fyrir veiðimenn. Áin er stór og mikil og veitt frá báðum bökkum. Frá 2013 hefur eingöngu verið veitt á flugu og öllum fiski sleppt á svæðinu. Hafa urriðar um og yfir 6 kg veiðt í ánni en veiðimenn fara með það eins og morðmál.

Vegarlengd frá Reykjavík er um 100 km.

Veiðitölur eru ekki til en hafa heyrst sögur af veiðimönnum með góða veiði.

Veiðisvæðið: Frá Galtalæk niður að Gutlfossbreiðu til 20. ágúst en

eftir þann tíma einskorðast það við Galtalækjaskóg niður að Réttarnesi.

Stangafjöldi: Veitt er á 6 dagstangir.

Veiðitímabil: 1. Apríl til 15. september.

Veiðitími: 7-13 og 16-22 (15-21 að hausti)

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðihús: Ekkert.

Reglur: Öllum urriðum skal sleppt.

Veiðikort: Internetið.

Veiðibók: Senda veiðitölur á gummiatli@gmail.com

Veðiúmsjón: Guðmundur Atli Ásgeirsson Gsm. 8446900

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
1. apríl - 15. september	1	6	6000

10. Galtalækur

Staðsetning: Galtalækur er ein þekktasta og fallegasta urriðaá á Suðurlandi.

Vegarlengd frá Reykjavík er um 100 km.

Veiðitölur hafa verið á reiki hin síðari ár. Áin er fræg fyrir gríðar væna urriða og geta þeir reynt á þolrif veiðimanna. Hafa urriðar yfir 10 pund veiðt í ánni

Veiðisvæðið: Galtalækur frá ræsinu (brú niður að ytri Rangá). Nú má veiða í ósnum við Ytri Rangá og þar í kring til að gefa veiðimönnum tækifæri á að hvíla Galtalækinn sökum þess hversu viðkvæmur hann er. Oft leynast gríða vænir urriðar í ármótunum en það getur verið að menn deili veiðisvæði Ytri Rangár með veiðimönnum sem hafa keypt veiðileyfi í Ytri Rangá.

Stangafjöldi: Veitt er á 2 dagstangir,

Veiðitímabil: 1. apríl til 15. september.

Veiðitími: 7-13 og 16-22 (15-21 að hausti) Hægt er að tala við Svein á Galtalæk og biðja um sveigjanlegan veiðitíma. Nauðsynlegt er að tala við ábúendur áður en farið er til veiða og skrá allan afla hjá þeim að veiði lokinni

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðihús: Ekkert veiðihús fylgir veiðileyfinu en hægt er að kaupa bændagistinu á Galtalæk

Reglur: Öllum fiski sleppt aftur.

Veiðikort: Á netinu (google). Nýtt veiðikort er í vinnslu

Veiðibók: Skrá skal allan afla í veiðibók á Galtalæk.

Veðiúmsjón: Guðmundur Atli Ásgeirsson Gsm. 8446900

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
1. apríl - 15. september			
Stök stöng	1	1	14000
Ef báðar seldar saman	1	2	9900

Munið að síðasti skiladagur veiðileyfaumsókna er föstudagurinn 15. janúar 2016.

Athygli félaga er vakin á því að ef ekki hefur verið gengið frá greiðslu veiðileyfis fyrir 1.mars 2016 skoðast það veiðileyfi sem laust til endursölu.

Árgjöld 2016 munu birtast í heimabanka félagsmanna í janúarþyrjun. Stjórn minnir á að greiða þarf árgjöld fyrir afgreiðslu veiðileyfa.

Munið að síðasti skiladagur veiðileyfa umsókna er föstudagurinn 15. janúar 2016

Úr félagsstarfinu

Góð mæting var á Hlíðarvatnsmessu sem blásið var til í nóvember. Þar gafst ármönnum kostur á að tjá sig um málefni vatnsins okkar. Hugmyndin var að hafa opinn fund þar sem fundargestir leiddu umræðuna sjálfir og ræddu þau mál sem brunnu á mönnum. Veiddina, vegina, veðrið, verðið, veröndina, aðstöðuna og allt sem fólki datt í hug að ræða. Líflegar umræður spunnust um hin ýmsu málefni en húsnæðismálið var sennilega það sem var efst á baugi hjá fundargestum. Einhverjir vilja nýtt hús, aðrir engu breyta og enn aðrir ekkert hús. Allt góð og gild sjónarmið. Stjórnarmeðlimir rituðu hjá sér athugasemdir og mun þetta vonandi leiða eitthvað gott af sér fyrir félagið. Seinna í nóvember var svo formaðurinn með dagskrárlið sem sem kallaðist „Meðferð afla“. Þar mætti hann með silung á sautján vegu og kenndi okkur meira að segja að flaka fisk. Guðni Kolbeins sýndi okkur forláta bretti sem hannað var til þess að halda fiski á sínum stað á meðan hann er flakaður. Snilldar aparat sem vel hefði getað orðið jólagjöfin í ár. Stefán kenndur við kokk fór lauslega yfir sögu grafins lax en hann ku hafa komið þessu hingað til lands snemma á síðustu öld. Takk fyrir það Stebbi. Árni var svo með hinar ýmsu útfærslur af gröfnum fiski og leyfði nærstöddum að smakka öll herlegheitin. Fiskisúpa kraumaði einnig í potti ásamt því að að hent var í eitt bleikjutartar. Virkilega vel að þessu staðið og gerður góður rómur af. Uppskriftir frá þessu kvöldi eru á fésbókarsíðu Ármanna og munu birtast í Áróð á næstunni.



Vetrardagskrá í Árósum 2015-16

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20-22
Opið hús verður alla miðvikudaga í vetur.

Auglýstir viðburðir

- 15. janúar Skil veiðileyfa.
- 4. janúar Skegg og skott - Jólapakkaafgangaflugur
- 18. janúar Skegg og skott - Framvatnaflugur
- 23. janúar Þorrablót.
- 8. febrúar Skegg og skott - Óli og skeggjuðu flugurnar
- 22. febrúar Skegg og skott - Hlíðarvatnsflugurnar
- 25. og 27. Janúar Afgreiðsla veiðileyfa.
- 7. mars Skegg og skott - Heklaðar flugur
- 9. mars Aðalfundur.
- 21. mars Skegg og skott - Þurrflugur
- 6. apríl Flóamarkaður. Sló gersamlega í gegn í fyrra og nú endurtökum fjörið.
- 16. apríl Vorblót Ármanna. Eitthvað sem enginn má missa af.
- 23.-24. apríl Hlíðarvatnshreinsun.

Ýmislegt fleira er í deiglunni í vetur.
Nánari dagsetningar verða auglýstar síðar í
Áróði og á heimasíðu Ármanna www.armenn.is

Þorrablót 2016

Nú er við hæfi að minna félagi á af hverjuþeir í haust merkt á dagatölum sínum við laugardagskvöldið 23. janúar. Skráning fer fram í Árósum og á armenn@armenn.is og vissara að vera ekki seint á ferð við þá gjörð, síðustu ár hefur verið húsfullir. Þá verður haldið að fornum sið hið nafntogaða þorrablót Ármanna, þar sem saman koma aldnir og ungir, lygnir og ólygnir (þessir tveir) og súrir og sætir. Og allir eitt bros og veitir nú ekki af. Kostar nær ekkert og það verður af nógu að taka.



 **WÜRTH**

Wurth á Íslandi ehf.
wurth@wurth.is
www.wurth.is
Sími: 530 2000

3 verslanir

Vesturhrauni 5
210 Garðabæ
Bildshöfða 16
110 Reykjavík
Freyjunesi 4
603 Akureyri

ARMENN
Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051
Ritstjórn og ábyrgð: Garðar Þór Magnússon og Eiríkur Stefánsson
Umboð: Dagur Jónsson. Prentun: Prentsmiðjan Guðjón Ó. www.armenn.is / armenn@armenn.is